

Samantekt af umræðum á vinnufundi félags- og húsnaðismálaráðuneytis með fulltrúum sveitarfélaga í samræmdri móttöku flóttafólks og fjölmennningardeild Vinnumálastofnunar þann 23. júní 2025.

Til umfjöllunar voru hugmyndir um breyttar áherslur og framkvæmd í þjónustu og stuðningi við flóttafólk á Íslandi. Helstu atriði sem fram komu í umræðum í hópavinnu og skráð voru niður af riturum á vegum ráðuneytisins. Athugið að punkturnir eru ekki skráðir í mikilvægisröð og eru samantekt frá umræðum allra þriggja vinnuhópanna. Því ber að hafa í huga að einstaka atriði geta stangast á en lýsa þá einvörðungu að bæði sjónarmið komu fram í umræðu en ekki að tekin sé afstaða til þeirra með neinum hætti.

Spurning 1

Hvernig getur kerfið þanist út og dregist saman?

Hverjir eru möguleikar kerfisins að minnka og stækka?

Svarið út frá notandanum í kerfinu.

- Breyting á kerfinu sem er gott
- Afturför – ekki búið að gera greiningu á þeim sem nú þegar eru í sveitarfélögunum. Sveitarfélögin hafa ekki komið fólkinu í vinnu – tengingar milli kerfa. Þegar fólk er búið að vera í tvö ár á fjárhagsaðstoð og kemur þá aftur til sveitarfélaganna.
- Kerfið þarf að vera sveigjanlegt og viðbragðsfljótt.
- Kerfið í dag er flókið. Mikil vinna fer í dag í að skrifa tilvísanir
- Tölvukerfi – það þarf að hafa kerfi sem heldur utan um einstaklingana eins og til dæmis að para. Ríki og sveitarfélög hafa verið með sitt hvort kerfið. Innan Vinnumálastofnunar eru mörg tölvukerfi – þar þyrfti að vera samræmt kerfi.
- Mikill tími fer í fjárhagsaðstoð.
- Mikill tími sem hefur farið í umsýslu.
- Mismunandi upphæð fjárhagsaðstoðar í dag og jákvætt að hafa þetta samræmt.
- Erum núna í rólegra ástandi þar sem búið er að ná góðum tókum á verkefninu og því hægt að endurhugsa núna.
- Þörunin er vesen og best væri að það væri bein tenging við þjóðskrá svo að hægt sé að greiða með auðveldari hætti.
- Mikilvægt að geta farið í nám skv. aðlögunaráætlun.
- Hópafræðslan er heillandi – hafa markmið með t.d. foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf. Hópar gefa þessi harmonikku tækifæri. Félagsþjónusturnar hafa nýtt hópastarf með góðum árangri.
- Vantar að það sé skylda að koma í samræmda, og þú hefur réttindi og skyldur. Það er því jákvætt að setja á skyldu.
- Mjög jákvætt að fjárhagsaðstoðin fari frá sveitarfélögunum, þetta er íþyngjandi og mikil vinna.
- Tryggja þarf að í samdrætti sé enn þá hægt að veita fræðslu t.d. samfélagsfræðslu á mörgum tungumálum eða tungumálum sem fólk skilur og getur meðtekið á.
- Þarf að huga að þjónustu um allt land, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni.
- Karlar og konur og ungmenni þurfa öll að hlusta á það sama, fá sömu fræðsluna. Annars virkar þetta ekki.
- Stöðugleiki í afgreiðslu umsókna er mikilvægur. Starfsmannafjöldi hefur áhrif á alla þjónustu og þegar fjöldinn eykst þá hefur það áhrif á þjónustu.
- Mikilvægt að taka á þeim sem eru ekki á landinu.

- Ekki ofþjónusta þá sem ekki þurfa og geta bjargað sér sjálfir.
- Mikil sérþekking hjá sveitarfélögum í dag við að sinna þessum hóp
- Þurfum að gæta þess að þekking sem hefur byggst upp tapist ekki.
- VMST verður að bregðast við með aukinni mönnun á fleiri stöðum en höfuðborgarsvæðinu þegar þunginn verður mikill.
- Sjá fyrir sér að aðstoð við þennan hóp fari alfarið til VMST fyrstu tvö árin.
- VMST verður að veita félagslega ráðgjöf. T.d. barn til tannlæknis – verður að vera mjög skýrt og einfalt.
- Félagsleg ráðgjöf og þjónusta verði veitt innan VMST – ekki vera að vísa fólki fram og til baka.
- Verður að vera skýrt hvað VMST á að gera og hvað fólk á rétt á hjá sveitarfélögum
- Mikilvægt að vinnuvirknin byrji fyrr og að undirbúningurinn sé með vörðum. Að fólk gefi sér tíma til að læra íslensku, að fara í samfélagsfræðslu og fái tækifæri til að finna vinnu við hæfi. Núna er fólk oft desperat að fara að vinna því atvinnuleitin hefst svo seint.
- Mikilvægt að grípa þá sem þarf að grípa, þessa viðkvæmu.
- Samtal um fjárhagsaðstoð leiðir af sér aðra þjónustu. Fjárhagsaðstoðin og félagslega ráðgjöfin hangir oftast saman.
- Skerðingar – hver hjálpar með fjárhagsaðstoð ef það er skert? 80% þeirra sem fá td. ráðningastyrk eru áfram í vinnu
- Hagstofan gefur ekki upp skráningar á þeim sem hafa vernd í sveitarfélaginu. Það þarf að laga.
- 3ja árið er þungt í samræmdu þar sem þeir einstaklingar hafa ekki verið útskrifaðir. Hvað á að gera við þann hóp þegar hann kemur til sveitarfélaganna?
- Traustið hjá notendum er oft að koma eftir svo langan tíma, oft eftir alveg 2 ár í kerfinu og þá koma inn ýmsar þarfir.
- Gæta þarf þess að það sé búið að koma fólki í virkni á þessum 2 árum svo það lendi ekki á framfærslu.
- Mikilvægt að sveitarfélög fái upplýsingar. Fólk mun leita til sveitarfélaga eftir sem áður.
- VMST ætti ekki að geta vísað sértækum málaflokkum til sveitarfélaga – bara alls ekki.
- Eftir að finna þeim sem eru nú þegar í kerfinu farveg – allskonar vandamál því við gerðum ekki nógu vel.
- Áfallastreita það verður að vinna með hana og spurning hver á að vinna með það.
- Getum ekki rætt um börnin – samt eru þau rauði þráðurinn í samræmdu þjónustunni
- Fólk á fjárhagsaðstoð setur börnin ekki í frístundarstarf. Ef þarf að borga. Verðum að huga að börnunum því þau eru önnur kynslóð flóttafólks og mikilvægt að þau inngildist vel.
- Inngilding – börnin skipta máli.
- Hvað með þessa hópa? Ellilífeyrisþegar – sjúklingar – öryrkjar
- Ekki spara í því að koma fólki út – grundvöllur fyrir börn að vaxa úr grasi
- Þarf að huga að börnunum, huga að þeim sem eru nú þegar í kerfinu, heilbrigðiskerfinu. Hugsa að þyngsta hópnum sem getur ekki bjargað sér, áfallastreitan – hver ætlar að fara með fólki til t.d. læknis?
- Þarf að taka inn samstarf við önnur kerfin, ráðuneyti – önnur kerfi þurfa að grípa betur fólk.

Spurning 2

Hvað er eðlilegt að ríkið beri ábyrgð á og hvað sveitarfélögin bera ábyrgð á?

Hugsðu þannig að mannaflí og tími sé sem best nýttur og kerfið miði að valdeflingu fólksins.

- Jöfnuður – þarf að hugsa um jafnræði á milli ólíkra hópa í samfélaginu.
- Þurfum að forðast að fara í skotgrafir eins og gerðis með fatlaða einstaklinga.
- Framfærslan þarf að vera á borði ríkisins og þetta er góð hugmynd og þar að hugsa þannig að allir sem eiga rétt fá jafnt en tryggja verður að fólk geti ekki sleppt þátttöku og fengið framfærslu hjá sveitarfélagi.
- Starfsþjálfunarstyrkir þurfa að vera áfram og eiga að vera hjá ríkinu.
- Ábyrgðir á húsaleigu og tryggingu fyrir húsaleigu á að vera hjá ríkinu en ekki hjá sveitarfélagi. Umfangið er mjög mikil og áhættan er mikil fyrir sveitarfélögin (er ákveðin snjóhengja). Þetta þarf að vera hjá þeim sem er með framfærsluna. Ábyrgðin á húsnæðinu verður líka að vera hjá fólkinu.
- Aðstoð við húsnæðisleitina á að vera í upphafi og þá vera hjá ríkinu.
- Áhyggjur af því að ef félagsleg ráðgjöf fer öll inn til VMST þá missi sveitarfélögin og fólkið tengslin við nærþjónustuna og fólk þarf á henni að halda.
- Á þjónustan að vera á tveimur stöðum? Er að það skilvirkt kerfi?
- Félagsleg þjónusta ætti að vera hjá sveitarfélögum. Ætti ekki að byggja nýja félagsþjónustu innan VMST.
- VMST á að sjá um þetta á þessum tveimur árum og ekkert að vera að vísa á milli.
- Þetta þarf að vera samstarf ríkis og sveitarfélaga. Félagslega ráðgjöfin á heima hjá sveitarfélögunum og það þarf að tryggja að þekking þegar 2 ára prógramminu hjá ríkinu líkur þá mun sveitarfélagið þurfa að taka við og þá verður að vera þekking þar. Það þarf að tryggja fjármuni eins og t.d. í farsældinni.
- Það er verið að snúa kerfinu á hvolf – mikilvægt að einstaklingur fái fulla þjónustu hjá VMST. Það er ekki hægt að klippa í sundur félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð. Ríkið verður að taka allt eða ekkert.
- Flókið fyrir VMST að sjá um atvinnuleitina og vera líka með félagsþjónustuna.
- Þegar vandamál tengd húsnæði og fjármálum eru til staðar þá er erfitt að ræða önnur mál viðkomandi fyrir en þau eru leyst.
- Flóttafólk er eins og annað fólk hjá sveitarfélögunum en er oft með sérþarfir vegna þess, t.d. eins og tungumálaörðugleika. Reglur sveitarfélaga verða að taka utan um þennan hóp t.d. með heimildargreiðslum. Hópurinn hefur oft verið borinn saman við einstaklinga sem hafa langvarandi og fjölþættan vanda.
- Þurfum að gæta þess að við ýtum ekki undir neikvæða hegðun og styðjum fólk til að koma í veg fyrir t.d. aukningu á heimilisofbeldi og það þarf að tryggja að kerfisbreytingin geri það ekki.
- Þurfum að geta brugðist við neikvæðri félagslegri hegðun í alvarlegu tilvikunum eins og við höfum séð sbr. hnífaárásin í Úlfarsárdal.
- Barnabætur greiðist af ríki – þ.e. ígildið á fyrsta ári, framkvæmdin er hefur verið í óvissu og ólík á milli sveitarfélaga.
- Hvað með börnin? Farsældin er enn á forsvari sveitarfélags. Málstjórar í félagsþjónustu væru með barnið – þegar dyrnar eru opnaðar inn í félagsþjónustuna hvað þýðir það? Er hætta á að þjónusta við alla fjölskylduna sé tekin yfir til þeirra. Líta á VMST sem þriðja stigs þjónustu. Hver á að borga? Eðlilegt að ríkið borgi. VMST myndi kaupa þjónustu t.d. stuðningsfjölskyldu. Greiða fyrir þjónustu eins og barnavernd og stuðningsþjónustu.
- Gott að hafa allar greiðslur hjá ríkinu. Áhyggjur af barnafjölskyldum þar sem úrræðin fyrir börn eru hjá sveitarfélögum t.d. þeirra sem eru með rofna skólagöngu. Nærþjónustan er hjá sveitarfélögunum.

- Erfið spurning hvað er lögbundin þjónusta hjá sveitarfélögum og erfitt að svara henni. Sérstaða fólksins er í fyrirrúmi og það þarf að fylgja þeim sérstaklega eftir.
- Tillagan er að sprengja upp kerfið. Margt gott í hugmyndinni en margar spurningar sem vakna:
 - Félagslega ráðgjöfin – hluti hennar ætti að vera áfram hjá sveitarfélögum.
 - Fjárhagsaðstoðin, barnabætur gæti verið hjá VMST?
 - Allt hjá VMST eða allt hjá sveitarfélaginu.
 - Fram til þessa hefur ekki fylgt nógu mikið fjármagn.
 - Er verið að segja að sveitarfélagið hafið ekki staðið sig nógu vel?
 - Náðum ekki að svara spurningunni vel – þurfum lengri tíma.
- Aðgangur sveitarfélaga að þjónustu í nærumhverfi og hvernig vinnur það svo saman og hvernig á tengingin að vera eftir þessi tvö ár?
- Skýrleiki í samtalinu er mikilvægur og verðum að leyfa okkur að tala alla leið um þetta.
- Ekki taka skref til baka í nýju kerfi.

Í umræðum allra þátttakanda komu fram ýmis atriði sem vert er að skoða sérstaklega og nánar í tengslum við hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi í stuðning við flóttafólk. Þau mál voru því skráð sérstaklega sem ákveðin þemu í umræðu sem skoða þarf nánar.

Mál sem sett voru á biðstöðina - geymt en ekki gleymt – til lausnar síðar

- Lögheimilisskráningar einkum tengt skráningum þeirra sem búa í búsetuúrræðum umsækjenda um alþjóðlega vernd og skráningu þeirra við verndarveitingu.
- Atvinna við hæfi miðað við menntun.
- Geðheilbrigðismál.
- Hlutverk heilbrigðiskerfisins.
- Mennta og barnamálaráðuneytið, öll þjónusta við börn og málefni barnaverndar.
- Fatlaðir og fötlunargreiningar.
- Hvað verður um þyngri mál þeirra sem þegar eru í þjónustu?
- Gott kerfi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd styður við inngildingu við verndarveitingu.
- Skilgreining á um hvaða þjónustu er rætt í þessum breytingum – er óskýrt um hvað verið er að ræða.
- Fjölskyldusameiningar, hvernig verður fyrirkomulagið og hvernig á að vinna með fólk sem er á ólíkum tímabilum þ.e. fjölskyldumeðlimir með mismunandi dvalartíma í landinu.